

Engjaskóli

Að byrja í grunnskóla



## Ágætu foreldrar/forráðamenn

Í þessari samantekt getið þið fundið ýmsar upplýsingar sem varða skólagöngu barnsins ykkar og skólastarfið sem er í vændum.

Nánari upplýsingar um skólastarfið og námsefni má finna á heimasíðu Engjaskóla.

### Að byrja í grunnskóla

Það er stórt skref fyrir börnin að byrja í grunnskóla.

Hvernig líður því við tilhugsunina að byrja í skóla? Er barnið kvíðið, fullt tilhlökkunar eða lætur eins og þessi breyting snerti það ekki? Það verður hver og einn að svara fyrir sig og velta fyrir þeim ástæðum sem liggja að baki líðan barnsins við skólabyrjun. Óhætt er að fullyrða að tilfinningar þínar, skoðanir og væntingar til skólans geta haft mikil áhrif á líðan barnsins og tilfinningar gagnvart skólanum.

Börn sem koma kvíðin í skólann þurfa umfram allt á öryggi og jafnvel uppörvun að halda. Börn sem eru yfirgangssöm og eirðarlaus þurfa að læra að einbeita sér og taka tillit til annarra. Þetta er aðeins dæmi um hve ólík börn eru og hversu þýðingarmikið það er að kennara gefist tími til að átta sig á þroska og getu hvers og eins.

Það er því er mjög mikilvægt að gagnkvæmur skilningur og trúnaður ríki á milli foreldra, umsjónarkennara og skólasamfélagsins frá fyrsta degi.

Mikilvægt er að foreldrar ræði ekki fyrir framan barnið þótt þeim mislíki eitthvað, heldur hafi samband við starfsfólk skóla svo hægt sé að vinna í þeim málum sem foreldrar eru ekki sáttir við.

Starfsfólk skólans gerir allt sem í þeirra valdi stendur til að gera skólagöngu nemenda eins góða og tilbúið að taka á öllum þeim vandamálum sem upp kunna að koma.

Augljósasta breyting frá leikskóla yfir í grunnskóla er sú að námið í grunnskóla er lögbundið en nám í leikskóla er valkvætt. Foreldrum er því skylt að sjá til þess að barn þeirra sæki grunnskóla og fari eftir þeim reglum sem þar gilda.

### Almennar upplýsingar um skólann

- Engjaskóli er í Vallengi 14, 112 Reykjavík.
- Skólinn er opinn frá kl. 08:00 – 16:00 alla daga
- Skrifstofan er opin alla daga frá kl. 08:00 – 15:00
- Símanúmer skólans er 4117750 og skiptiborðið er opið frá kl. 8:45 – 15:00 mánudaga – fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 7:45 – 13:30
- Skóladagur nemenda á yngsta stigi, 1. – 4. bekk er frá 8:30 – 13:40

### Upplýsingar frá skóla

Umsjónarkennarar eru í góðum samskiptum við foreldra/forráðamenn nemenda og senda vikulega póst um bekkjarstarfið og annað sem gerist í skólanum.

### Mentor

Skólinn notar náms- og upplýsingakerfið Mentor. Hægt er að nálgast það á netinu eða sækja app í snjalltæki. Í Mentor er að finna upplýsingar um ástundun nemenda, heimavinnu, námsáætlanir og fleira. Foreldrar geta jafnframt nálgast upplýsingar, þ.e. símanúmer og netföng, um bekkjarsystkin og foreldra þeirra í Mentor. Mikilvægt er að símanúmer og tölvupóstur sé rétt skráður í kerfið og biðjum við foreldra að fylgjast með og gera breytingar ef þörf er á. Foreldrar fá aðgang að kerfinu með sérstöku aðgangsorði sem skrifstofa Engjaskóla sendir með tölvupósti til foreldra/forráðamanna að loknu viðtali við umsjónarkennara í skólabyrjun.

## Forföll frá skóla

Engjaskóli vinnur samkvæmt verkferlum Reykjavíkurborgar varðandi fjarveru nemenda frá skóla.

Sjá verkferla Reykjavíkurborgar varðandi ástundun nemenda í viðauka.

Forráðamönnum ber að tilkynna skólanum um forföll nemenda eins fljótt og auðið er og eigi seinna en kl. 8:30 þegar kennsla hefst. Tilkynna þarf forföll hvern dag sem nemandinn er frá skóla.

Hægt er að sækja um leyfi frá skóla á Mentor. Skólastjórnendur þurfa að samþykka leyfi sem veitt er í 6 daga og lengur. Sæki foreldrar um tímabundna undanþágu frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar eru ábyrgir fyrir því að nemandi vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu/leyfi stendur (15. grein grunnskólalaga).

## Mötuneyti skólans

Nemendur skólans geta fengið heitan mat í hádeginu með áskrift. Foreldrar skrá börn sín í mataráskrift á „Mínar síður Reykjavíkurborgar“ [Mínar síður](#). Upplýsingar um matseðil vikunnar má finna á heimasíðu skólans. Jafnframt koma nemendur með hollt og gott nesti sem þau neyta að morgni. Ekki er leyfilegt að vera með sætabrauð og sykraða drykki. Mælt er með að nemendur komi með eigin vatnsbrúsa en aðgengi er að vatni í vatnshana á gangi skólans.

## Engjaskóli er kókoslaus skóli.

## Samstarf heimilis og skóla

Gott samstarf heimilis og skóla er mjög mikilvægt og getur góður árangur í skólastarfi m.a. ráðist af góðum tengslum heimilis og skóla. Foreldrar eru sterkasti mótunaraðili barnanna og hafa ótvíræð áhrif á hvernig börnin upplifa skólagöngu sína. Því skiptir þátttaka þeirra í námi barnanna verulegu máli. Jákvætt viðhorf er okkur öllum ákaflega mikilvægt.

Rannsóknir sýna að nemendur sem alast upp við jákvætt viðhorf heimilisins til skólans standa sig yfirleitt betur í námi og fara út í lífið með jákvæðari viðhorf til tilverunnar en þeir sem búa við neikvætt viðhorf til skólans.

Foreldradagar eru tvisvar sinnum á ári. Ýmist er um að ræða viðtöl eða kynningar á skólastarfi.

## Bekkjarfulltrúar

Gert er ráð fyrir að í hverri bekkjardeild séu tveir til þrír bekkjarfulltrúar, þ.e. fulltrúar foreldra allra nemenda í bekknum. Bekkjarfulltrúar skipuleggja samstarf innan bekkjarins og virkja aðra foreldra með sér ásamt því að deila út verkefnum. Bekkjarfulltrúar eiga því ekki einir og sér að stýra bekkjarkvöldum eða uppbroti meðal nemenda að loknum skóladegi nokkrum sinnum á ári heldur að virkja aðra foreldra til verksins.

## Frístundaheimili

Frístundaheimilið Brosbær er staðsett í húsnaði skólans. Brosbær er eitt af átta starfandi frístundaheimilum sem tilheyra frístundamiðstöðinni Gufunesbæ.

Áður en sótt er um dvöl á frístundaheimili þurfa börnin að vera skráð rafrænt í viðkomandi grunnskóla. Skráning fer fram [Mínar síður](#) á vef Reykjavíkurborgar.

## Uppeldi til ábyrgðar

Í Engjaskóla vinna allir eftir aga stefnunni „Uppeldi til ábyrgðar“. Aðferðin er unnin út frá kenningum Diane Gossen „Restitution“ eða uppbygging. Engjaskóli leggur áherslu á að fara eftir þessum

aðferðum þar sem nemendum er kennd sjálfstjórnun og sjálfsagi með því að efla þeirra innri sálarstyrk. Leitast eftir að vera faglegur skóli með skýr mörk.

### **Leiðsagnarnám**

Hlutverk Engjaskóla er að bjóða upp á fjölbreytt og skapandi nám, stuðla að alhliða þroska allra nemenda, að mennta ábyrga og hæfa þjóðfélagsþegna með það að markmiði að þeir verði sjálfstæðir og skapandi einstaklingar sem geta tekið virkan þátt í þróun samfélagsins og stundað frekara nám. Áhersla er á fjölbreytta kennsluhætti, leiðsagnarnám og teymisvinnu starfsfólks. Skólinn leggur einnig áherslu á heilsueflingu, umhverfismennt og nýsköpun.

Í Engjaskóla er unnið eftir aðferðafræði Shirley Clarke í leiðsagnarnámi sem einkennist af fimm megin áherslum:

- Námsmenningu
- spurningatækni og samræður
- endurgjöf
- skipulag
- vekja og virkja áhuga.

Ýtt er undir vaxtarhugarfar í námi hvers og eins nemenda. Nemendur meta einnig eigin frammistöðu í frammistöðumati tvisvar á ári. Nemendur kynnast jafningjamati og nota það við mat á vinnu sinni og samnemenda sinna.

### **Menntastefna Reykjavíkurborgar**

Engjaskóli fylgir menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“. Helstu áherslupættir menntastefnunnar eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. [Látum draumana rætast.](#)

### **Eineltisáætlun**

Starfsfólki Engjaskóla er annt um að öll börn geti átt ánægjulega skólagöngu og eigi í góðum félagslegum samskiptum við aðra nemendur. Með þetta í huga vinnur skólinn eftir ákveðnum verkferlum þegar upp koma grunsemdir um samskiptavanda eða einelti. Mikilvægt er að skóli og heimili vinni saman og láti starfsfólk skóla (t.d. umsjónarkennara og/eða stjórnendur) umsvifalaust vita ef grunur vaknar um vanlíðan eða samskiptavanda. Tengill á [Viðbrögð við vinnuferli](#) í samskiptavanda.

### **Lestur**

Lestrarstefna Engjaskóla sem samin var haustið 2016 er samkvæmt lestrarstefnu grunnskóla Grafarvogs og Kjalarness „Lestur í hverfi 4“ [Lestrarstefna](#)

Í Engjaskóla leggjum við mikla áherslu á lestur og fjölbreytta lestrarvinnu á yngsta stigi. Til að nemendur nái tókum á lestri, auki orðaforða sinn og um leið lesskilning þurfa þeir að æfa sig reglulega. Daglegur lestur eflir lesfimi þeirra en í henni felst leshraði, lestrarnákvæmni, áherslur og hrynjandi í lestri. Foreldrar/forráðamenn gegna lykilhlutverki í lestrarþjálfun barna sinna.

Góð samvinna milli heimilis og skóla stuðlar að því að við náum settum markmiðum og af þeirri ástæðu hefur skólinn sett niður ferli fyrir heimalestur til að allir nemendur fái þá þjálfun heima sem við ætlumst til.

### **Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum**

Handbókin er unnin í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga með hliðsjón af reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða nr.

657/2009. Í reglugerðinni segir að sveitarstjórn skuli útbúa [Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum](#) fyrir starfsfólk grunnskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi barna og slysavarnir í grunnskólum.

## **Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar**

Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar heldur úti foreldravef „[Foreldravefur](#)“ sem ætlaður er foreldrum barna á aldrinum 0-16 ára. Markmiðið er að efla foreldra sem virka þátttakendur í námi og starfi barna sinna. Á vefnum er að vinna ýmsar hagnýtar upplýsingar sem geta nýst foreldrum til að styðja við barn sitt í námi.

### **Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir meðal annars:**

#### **2. gr. Markmið.**

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólasterfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólasterf, almenna velferð og öryggi nemenda.

#### **13. gr. Réttur nemenda.**

Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskóli skal í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna. Nemendur eiga rétt á því að njóta bernsku sinnar í öllu starfi á vegum skólans. Þess skal gætt að vinnuálag í skóla sé hæfilegt þannig að nemendur fái nægjanlega hvíld frá skipulögðu starfi innan hvers skóladags og skólaárs, svo sem með samfelldu jóla- og páskaleyfi. Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólasterfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá. Taka skal tillit til sjónarmiða þeirra eins og unnt er.

#### **14. gr. Ábyrgð nemenda.**

Nemendur bera ábyrgð á eigin námi og á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska.

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.

#### **19. gr. Ábyrgð foreldra.**

Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla.

### [Skólasóknarreglur í grunnskólum Reykjavíkur](#)

#### Verkferill vegna fjarvista



Samþykkt í Skóla – og frístundaráði Reykjavíkurborgar þann 12. nóvember 2019

Við hlökkum til að sjá ykkur 😊